

## FUNDARGERÐ

### 156. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

**Fundarstaður:** Skrifstofa Mýrdalshrepps  
**Fundartími:** Þriðjudagur 2. desember 2008 kl. 16:00.  
**Mættir:** Undirritaðir aðalmenn fræðslunefndar.

**Ritari fundarins:** Inger Schiöth

**Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnáði.**

### Gerðir fundarins:

#### I. Leikskólinn:

Á fundinn er mætt Halla Ólafsdóttir leikskólastjóri. Hjördís Rut Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna boðar forföll. Einnig er mætt Victoria Jonsson fulltrúi foreldra. Á fundinn mætir einnig sveitarstjóri.

##### 1. Bréf leikskólastjóra dags. 18. nóvember 2008

Í bréfinu kemur fram að vegna fyrirsjáanlegrar aukningar í sérkennslu óskar leikskólastjóri eftir að bæta við starfsmanni í 100% stöðu frá 1. janúar 2009. Vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2009.

##### 2. Fjárhagsáætlun 2009.

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra dags. 27.11.2008 þar sem fram kemur að vinna við fjárhagsáætlun 2009 sé nú að hefjast, nokkru seinna en að venju og er þar um að kenna óvissu í rekstrarumhverfi sveitarfélaga vegna hruns ísl. fjármálakerfisins. Enn er ekki ljóst hvaða framlaga má vænta á næsta ári frá t.d. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ljóst er að tekjur sveitarfélaganna munu dragast verulega saman á árinu 2009, giska má á 10-15% en gæti vel orðið meira. Jafnframt mun verðlag hækka og þar með almenn innkaup. Draga þarf saman í rekstri sveitarfélagsins í samræmi við lækkaðar tekjur. Skólastjórnendur í samráði við fræðslunefnd eru hér með beðnir um að skoða með hvaða hætti unnt sé að draga úr útgjöldum á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun 2009 verði lögð fyrir sveitarstjórn 18. Desember n.k. til fyrri umræðu. Því verður að nota næstu tvær vikur til fjárhagsáætlunargerðar.

Næsti fundur fræðslunefndar áætlaður 16. desember 2008.

Sveitarstjóri yfirgefur fundinn

##### 3. Önnur mál.

Foreldrakaffi er fyrirhugað 11. desember n.k. og jólaballið er sett 17. desember.

Halla og Victoria yfirgefa fundinn.

#### II. Tónskólinn.

Á fundinn er mættur Kristinn J. Níelsson tónskólastjóri

##### 1. Fjárhagsáætlun 2009.

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra dags. 27.11.2008 þar sem fram kemur að vinna við fjárhagsáætlun 2009 sé nú að hefjast, nokkru seinna en að venju og er þar um að kenna óvissu í rekstrarumhverfi sveitarfélaga vegna hruns ísl. fjármálakerfisins. Enn er ekki ljóst hvaða framlaga má vænta á næsta ári frá t.d. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ljóst er að tekjur sveitarfélaganna munu dragast verulega saman á árinu 2009, giska má á 10-15% en gæti vel orðið meira. Jafnframt mun verðlag hækka og þar með almenn innkaup. Draga þarf saman í rekstri sveitarfélagsins í samræmi við lækkaðar tekjur.

Skólastjórnendur í samráði við fræðslunefnd eru hér með beðnir um að skoða með hvaða hætti unnt sé að draga úr útgjöldum á árinu 2009.

Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun 2009 verði lögð fyrir sveitarstjórn 18. desember n.k. til fyrri umræðu. Því verður að nota næstu tvær vikur til fjárhagsáætlunargerðar.

## 2. Önnur mál.

Jólatónleikar tónskólans verða 16. desember.

Kristinn áætlað að fréttabréf tónskólans komi út á næstu dögum.

Kristinn kynnir nýja hugmynd að samvinnu milli Tónskólans í Mýrdalshreppi og Tónskólans á Kirkjubæjarklaustri við aðra tónskóla sem fékk heitið „spunalög og spilverk“.

Menningarráð Suðurlands styrkir verkefnið.

Kristinn yfirgefur fundinn

## III. Grunnskólinn

Á fundinn er mætt Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Áheyrnarfulltrúar sátu ekki fundinn.

### 1. Haustskýrsla.

Haustskýrsla lögð fram til kynningar.

### 2. Skólanámsskrá, almennur hluti.

Fræðslunefnd samþykkir fyrirbyggjandi almennan hluta skólanámsskrár með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.

### 3. Fjárhagsáætlun 2009.

Sveitarstjóri kemur inn á fundinn.

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra dags. 27.11.2008 þar sem fram kemur að vinna við fjárhagsáætlun 2009 sé nú að hefjast, nokkru seinna en að venju og er þar um að kenna óvissu í rekstrarumhverfi sveitarfélaga vegna hruns ísl. fjármálakerfisins. Enn er ekki ljóst hvaða framlaga má vænta á næsta ári frá t.d. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Ljóst er að tekjur sveitarfélaganna munu dragast verulega saman á árinu 2009, giska má á 10-15% en gæti vel orðið meira. Jafnframt mun verðlag hækka og þar með almenn innkaup. Draga þarf saman í rekstri sveitarfélagsins í samræmi við lækkaðar tekjur.

Skólastjórnendur í samráði við fræðslunefnd eru hér með beðnir um að skoða með hvaða hætti unnt sé að draga úr útgjöldum á árinu 2009.

Gert er ráð fyrir að fjárhagsáætlun 2009 verði lögð fyrir sveitarstjórn 18. Desember n.k. til fyrri umræðu. Því verður að nota næstu tvær vikur til fjárhagsáætlunargerðar.

Sveitarstjóri yfirgefur fundinn.

### 4. Önnur mál.

Fræðslunefnd þakkar skólastjórnendum fyrir fróðlegan og skemmtilegan kynningarfund sem haldinn var í grunnskólanum um námsferð sem hluti kennarahóps og skólastjórnendur fóru í til Minneapolis vegna „Uppeldis til ábyrgðar“.

Kolbrún Ósk upplýsti að kominn væri nyr nemandi í skólann.

Kolbrún Ósk lagði fyrir beiðni um launalaust leyfi Elínu Einarsdóttur 15. og 16. desember n.k. Fræðslunefnd samþykkir beiðnina.

Kolbrún Ósk upplýsti að Ívar Páll Bjartmarsson slökkviliðsstjóri væri setja upp rýmingaráætlun vegna eldsvoða fyrir grunnskólann.

Kolbrún Ósk yfirgefur fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:

Inger Schiöth	Þorgerður Einarsdóttir Formaður	Andrína G. Erlingsdóttir
Guðný Sigurðardóttir		Bergþóra Ástþórsdóttir